



SKIPIÐ YFIRGEFIÐ


HVERNIG NOTA SKAL GÚMMÍBÁTA




1 Fangalínan skal vera tryggilega föst um borð. Losið hylkið úr festingunum og kastið því fyrir borð. Dragið alla fangalínuna út, kippið síðan snögg og ákveðið í línuna svo báturinn blásist upp. Þar sem losunar- og sjósetningarbúnaður er fyrir hendi er tekið í handfangið til að sjósetja björgunarbátinn.



2 Dragið bátinn að skipshlið (hliðarstiga ef skipið er borðhátt) og farið um borð. Stökkvið einungis í neyð. Munið að taka neyðarflugelda, blys og fjarskiptabúnað með um borð í gúmmíbjörgunarbátinn.




3 Stigi er við inngangsop bátsins. Aðstoðið hvert annað við að komast um borð. Bjargið nauðstöddum úr sjónum, t.d. með því að nota kasthringinn í bátum. Munið að gangsetja neyðarsendinn og setja í vasann sem honum er ætlaður.



4 Dragið eins mikið af fangalínunni til ykkar og þið getið og skerið á hana með hnífnunum sem er við opið á bátum. Tveir hnífar eru í bátum. Til einangrunar þarf að blása upp botn og þak bátsins.



5 Setjið út rekakkeri ef það hefur ekki þegar farið sjálfkrafa út. Fylgist með því að það virki rétt. Vararekakkeri er í búnaðarpoka bátsins. Flugeldar og handblys eru í bátum. Notið þau einungis ef einhver von er um björgun og haldið þeim vel frá bátum svo ekki hljótist skaði af notkun þeirra. Lesið leiðbeiningarnar.



6 Ef báturinn blæs upp á hvolfi eða hann fer á hvolf þá er hægt að rétta hann við með því að snúa honum þannig að vindurinn blási undir bátinn, stíga á þrýstiflöskuna og halla sér aftur á bak með beinar hendur og fætur.

Lesið handbókina. Matvæli, vatn, hjúkrunargögn og fleira eru í pakkanum í gúmmíbátum.